



Skipulagsnefnd Mýrdalshrepps  
Fundargerð

Fundur nr. 281 í Skipulagsnefnd Mýrdalshrepps haldinn mánudaginn 15. júní 2020  
kl. 17:00 í Kötlusetri, Víkurbraut 28 í Vík.  
Fundinn sátu ásamt undirrituðu nefndarfélagi, Þorbjörg Gísladóttir sveitarstjóri  
Mýrdalshrepps og George Frumuselu skipulags- og byggingarfulltrúi Mýrdalshrepps.

**Skipulags- og byggingarfulltrúi óskar eftir því að eftirfarandi mál verði tekin utan auglýstrar dagskrár:**

**Dyrhólaey – Skilti.**

Daníel Freyr Jónsson f.h. Umhverfisstofnun sækir um leyfi fyrir skilti, í samræmi við framlögð gögn.

Verður liður 6 í fundargerð.

*Frábrigðið samþykkt samhljóða.*

**Harðivöllur – Umsókn um byggingarleyfi.**

Jóhann Egill Jóhannsson um leyfi fyrir endurbætur á fasteigninni við Harðivöllur í Reynishverfi, í samræmi við framlögð gögn.

Verður liður 7 í fundargerð.

*Frábrigðið samþykkt samhljóða*

**Dagskrá fundarins:**

**I. Skipulagsmál:**

**1. Mýrdalshreppur – Endurskoðun aðalskipulags**

Lögð er fram skipulagslýsing fyrir endurskoðun aðalskipulags í Mýrdalshreppi 2019-2031.

*Skipulagsnefnd samþykkir að kynna skipulagslýsingu vegna endurskoðunar aðalskipulags Mýrdalshrepps 2019-2031 skv. 1. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.*

**2. Efnistaka í sandfjörðu austan Víkur – Breyting á aðalskipulagi**

Skipulagsfulltrúi leggur fram til kynningar umsagnir frá Umhverfisstofnun, Náttúrufræðistofnun Íslands, Vegagerðinni, Minjastofnun Íslands, Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, Heilbrigðiseftirliti Suðurlands, Landgræðslunni, Veðurstofu Íslands og Skipulagsstofnun.

*Lagt fram til kynningar og umræðu.*

**3. Bakkabraut 6 – Umsókn um breytingu á notkun lóðar.**

Guðrún Sigurðardóttir óskar eftir breytingu á notkun lóðar, úr íbúðarhúsaloð í verslunar- og þjónustulóð.

*Skipulagsnefnd vísar málinu til sveitarstjórnar.*

**4. Hringvegur um Jökulsá á Sólheimasandi - Umsókn um framkvæmdaleyfi.**

Anna Elín Jóhannsdóttir f.h. Vegagerðarinnar sækir um framkvæmdaleyfi til að byggja nýja brú í stað 159 m langrar einbreiðrar brúar sem byggð var árið 1967 um Jökulsá á Sólheimasandi.

*Skipulagsnefnd geri ekki athugasemd við veitingu framkvæmdaleyfis og felur skipulags- og byggingarfulltrúa að ljúka málinu.*

**5. Hringtorg í Víkurþorpi – Umsókn um framkvæmdaleyfi.**

Jóhann Guðlaugsson f.h. Framrásar ehf. óskar eftir leyfi fyrir efnistöku úr námu við Kerlingardalsá fyrir framkvæmdum við hringtorg í Víkurþorpi.

*Skipulagsnefnd geri ekki athugasemd við veitingu framkvæmdaleyfis og felur skipulags- og byggingarfulltrúa að ljúka málinu.*

**6. Dyrhólaey – Skilti.**

Daníel Freyr Jónsson f.h. Umhverfisstofnun sækir um leyfi fyrir skilti, í samræmi við framlögð gögn.


*Skipulagsnefnd samþykkir staðsetningu skiltanna.*

**7. Harðivöllur – Umsókn um byggingarleyfi.**


Jóhann Egill Jóhannsson um leyfi fyrir endurbætur á fasteigninni við Harðivöllur í Reynishverfi, í samræmi við framlögð gögn.

*Skipulagsnefnd gerir ekki athugasemd við framkvæmdina og felur skipulagsfulltrúa að ljúka málinu.*


Fundi slitið klukkan 18:12



Drífa Bjarnadóttir




Guðrún Hildur Kolbeins




Óðinn Gíslason



Kristján Þórðarson



George Frumuselu



Jónas Erlendsson